



SKÁTAÞING 2025

Haldið í Víðistaðaskóla, Hafnarfirði dagana 4. – 6. apríl

Fundarstjórar:

Agnes Braga Bergsdóttir, Skátafélaginu Hraunbúum

Arnór Bjarki Svarfdal, Skátafélaginu Svönum

Fundarritarar:

Árný Björnsdóttir, Skátafélaginu Hraunbúum

Ásrún Hauksdóttir, Skátafélaginu Garðbúum

Innihald

1. Setning	3
2. Kosning fundarstjóra og fundarritara	3
3. Ávörp	3
4. Kosning í kjörnefnd og allsherjarnefnd	3
5. Úthlutun úr Styrktarsjóði skáta.....	4
6. Afhending heiðursmerkja	4
7. Kynningar.....	5
8. Afhending skipunarbréfa	6
9. Niðurstaða kjörnefndar	6
10. Dagskrá Skátaþings	8
11. Kosningar í embætti.....	8
12. Skýrsla stjórnar BÍS	9
13. Starfsáætlun stjórnar BÍS	9
14. Ársreikningar BÍS.....	10
15. Tillaga að árgjaldi til BÍS 2022-2023	10
16. Fjárhagsáætlun BÍS 2024-2025	11
17. Lagabreytingatillögur	11
18. Breytingar á reglugerð	22
19. Önnur mál	22
Ungmennaráð með áskorun til stjórnar BÍS	22
Rauði krossinn.....	22
R.S. Snúður.....	23
Smiðjur á skátaþingi.....	23
20. Aðalfundarstörfum lýkur	23

1. Setning

Harpa Ósk Valgeirsdóttir, skátahöfðingi, setti þingið með ávarpi.

2. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Skátahöfðingi bar fram tilnefningu stjórnar til fundarstjóra og fundarritara. Stungið var upp Agnesi Brögu Bergsdóttur, Skátafélaginu Hraunbúum og Arnóri Bjarka Svarfdal, Skátafélaginu Svönum sem fundarstjórum og Árnýju Björnsdóttur, Skátafélaginu Hraunbúum og Ásrúnu Hauksdóttur, Skátafélaginu Garðbúum sem riturum.

Arnór Bjarki fundarstjóri flutti ávarp þar sem hann bauð öll velkomin á Skátapiing. Hann benti þinggestum á að öll gögn um skátapiing væru á heimasíðu skátapiingsins: www.skatarnir.is/skatathing. Einnig útskýrði hann hvernig þinginu yrði háttað.

3. Ávörp

Bjarni Freyr Þórðarson, Skátafélaginu Hraunbúum, flutti ávarp þar sem hann bauð fundargesti velkomna í Hafnarfirði.

Ólafur Proppé, Landsgildismeistari, hélt ræðu þar sem stiklað var á stóru í 100 ára sögu skátastarfs í Hafnarfirði.

Ágúst Þorsteinsson, fyrrverandi skátahöfðingi, hélt ræðu þar sem hann fór yfir aðdraganda þess að Skátafélagið Vífill var stofnað. Var það gert með stuðningi frá nágrönnum þeirra í Hraunbúum. Hann þakkaði Hraunbúum fyrir og fékk þingið til að stíga úr sætum og gefa Hraunbúum kröftugt rikk-tikk hróp.

Minning látinna félaga. Harpa Ósk Valgeirsdóttir skátahöfðingi bað fundarmenn að rísa úr sætum. Valur Kári Óskarsson, Skjöldungur, spilaði Kvöldsöng skáta á trompet.

4. Kosning í kjörnefnd og allsherjarnefnd

Auður Sesselja Gylfadóttir, fulltrúi stjórnar lagði til f.h. stjórnar BÍS að eftirfarandi skipi kjörnefnd:

Salka Guðmundsdóttir - Skátafélaginu Mosverjum

Sebastian Fjeldal Berg - Skátafélaginu Klakki

Þórhildur Elínardóttir Magnúsdóttir - Skátafélaginu Kópum

Samþykkt með lófaklappi

Auður Sesselja Gylfadóttir, fulltrúi stjórnar lagði til f.h. stjórnar BÍS að eftirfarandi skipi allsherjarnefnd:

Daníel Þröstur Pálsson - Skátafélaginu Árbúum

Guðrún Inga Úlfisdóttir - Skátafélaginu Fossbúum

Jón Freysteinn Jónsson - Skátafélaginu Ægisbúum

Margrét Rögnvaldsdóttir - Skátafélaginu Skjöldungum

Vilhjálmur Þór Sigurjónsson - Skátafélaginu Hraunbúum

Samþykkt með lófaklappi

5. Úthlutun úr Styrktarsjóði skáta

Sævar Skaptason sagði frá Styrktarsjóði skáta og hvatti alla til að nýta sér hann. Eftirfarandi eru styrkhafar:

Skátafélagið Garðbúar og Skátafélagið Mosverjar hlutu 50.000 kr. fyrir verkefnið Sumarskátastarf fyrir dróttskáta.

Skátafélagið Árbúar hlutu 100.000 kr. fyrir samhristing færeyskra og íslenskra skáta vegna Brekkulegunnar skátamóts í Færeyjum.

Skátafélagið Landnemar hlutu 100.000 kr. fyrir útgáfu uppskriftarheftis með skátauppskriftum.

Skátasveitin R.S. Snúður hlaut 100.000 kr. fyrir spil um færnimerki.

Skátafélagið Ægisbúar hlutu 500.000 kr. vegna endurbóta og framkvæmda í skátaheimili.

Skátafélagið Mosverjar hlutu 510.000 kr. endurnýjun á 30 björgunarvestum.

Skátasamband Reykjavíkur hlutu 500.000 kr. fyrir salernisgáma á útivistasvæði við Hafravatn.

Samtals 1.860.000 kr. í styrki.

6. Afhending heiðursmerkja

Harpa Ósk Valgeirsdóttir, skátahöfðingi, Þórhallur Helgason, aðstoðarskátahöfðingi og Davíð Þrastarson veita heiðursmerki til þeirra skáta sem hafa starfað vel í þágu Bandalags íslenskra skáta.

Þjónustumerki BÍS úr gulli fengu:

Þóra Lóa Pálsdóttir – Skátafélaginu Hraunbúum

Valdís Huld Jónsdóttir – Skátafélaginu Vífli

Alex Már Gunnarsson- Skátafélaginu Vífli

Halldóra Hinriksdóttir – Skátafélaginu Landnemum

Pórshamarinn úr bronsi fengu:

Haukur Friðriksson – Skátafélaginu Ægisbúum

Bjarni Freyr Þórðarson - Skátafélaginu Hraunbúum

Tryggvi Skarphéðinsson - Skátafélaginu Ægisbúum

Skátakveðjuna úr bronsi fengu:

Kristjana Þórdís Ásgeirsdóttir - Skátafélaginu Hraunbúum

Guðni Gíslason - Skátafélaginu Hraunbúum

Claus Hermann Magnússon - Skátafélaginu Hraunbúum

Skátakveðjuna úr silfri fengu:

Þórey Valgeirsdóttir - Skátafélaginu Hraunbúum

Hetjudáðamerki:**Bronskrossinn fengu:**

Matthildur Guðrún Hlín Leósdóttir – Skátafélaginu Heiðabúum

Anna Kristjana Öfjörð Helgadóttir – Skátafélaginu Klakki

Silfurkrossinn fékk:

Jón Andri Helgason – Skátafélaginu Árbúum

7. Kynningar

Skátamiðstöðvar á Íslandi, Elín Esther Magnúsdóttir fyrir Úlfjótsvatn, Ásgeir Hreiðarsson fyrir Hamra og Brynjar Örn Svavarsson fyrir Hraunbyrgi. Þau kynntu nýtt samstarf skátamiðstöðva á Íslandi, Scout Centers Iceland, sem miðar að því að sameina krafta þeirra við kynningar og að deila reynslu.

Landsmót skáta 2026, Ingibjörg Guðmundsdóttir mótsstjóri kynnti Landsmót 2026 á Hömrum. Þemað verður “á norðurslóð”.

Hringferðin, f.h. stjórnar Guðrún Stefánsdóttir og Unnur Líf Kvaran. Verkefni á vegum BÍS með það markmið að efla skátastarf á landsbyggðinni. Markmiðið er að á næstu 5 árum verði komin í hverjum landsfjórðungi 3 ný skátafélög ásamt einum erindreka. Þetta er gert til að tryggja að börn um allt land hafi aðgang að fjölbreyttu æskulýðsstarfi, öll börn eiga skilið að fá að vera með í skátunum. Þetta verkefni er samstarfsverkefni milli stjórnar BÍS, skátamiðstöðvarinnar og skátafélaganna. Óskað er eftir fleiri skátum í verkefnahópinn.

Hughrifaherferð, Ragnar Þór Þrastarson framkvæmdastjóri BÍS, kynnir nýja markaðsherferð BÍS til að

bæta ímynd skátastarfs hjá almenningi. Hann segir að fólk sé að missa af ævintýrinu sem skátastarf er af því að þau vita ekki hvað skátar gera í alvörunni. Herferðin er unnin með auglýsingastofunni Sahara. Leitað var eftir tilboðum og voru þau valin eftir viðtöl. Kynningarefnið verður myndrænt og birt á fjölbreyttum stöðum eins og strætóskýlum, kvikmyndahúsum og á netinu. Verkefnið mun kosta um 12 milljónir króna. Í lok kynningar, myndband var sýnt sem Oddur Auðunsson Ægisbúi gerði um framleiðslu á kynningarefninu.

Kaffihlé

8. Afhending skipunarbréfa

Harpa Ósk Valgeirsdóttir, skátahöfðingi, afhenti 3 félagsforingjum skipunarbréf.

Vilhjálmur Bergs - Skátafélaginu Svönum

Jón Grétar Sigurjónsson - Skátafélaginu Landnemum

Jón Freysteinn Jónsson - Skátafélaginu Ægisbúum

Berglind Lilja Björnsdóttir, alþjóðafulltrúi WOSM (The World Organization of the Scout Movement), skipar fararstjóra íslenska hópsins fyrir World Scout Jamboree 2027 í Póllandi. Fararstjórnarnir verða Dagbjört Brynjarsdóttir í skátafélaginu Mosverjum og Dagmar Ýr Ólafsdóttir í skátafélaginu Skjöldungum. Sýnt var kynningarmyndband fyrir mótið.

Dagmar nýtti tækifærið þar sem hún var komin í pontu og afhenti Hörpu skátahöfðingja silfurúlfinn sem pabbi hennar, Ólafur Ásgeirsson, notaði þegar hann var skátahöfðingi. Dagmar hvatti Hörpu til að setja gripinn ekki í geymslu heldur nota hann.

9. Niðurstaða kjörnefndar

Sebastian Fjeldal Berg, skátafélaginu Klakki kynnti niðurstöður kjörnefndar.

A) Réttmæti þingfulltrúa

Samþykkt að leyfa ellefu þingfulltrúum frá sjö skátafélögum að sitja Skátapiing með tilheyrandi réttindum þrátt fyrir að skráning hafi borist eftir tilsettan skráningartíma samkvæmt lögum. Af þeim eru þrír aðalfulltrúi samkvæmt kjörbréfi. Kjörnefnd hefur úrskurðað að leyfa þeim að halda atkvæðisrétti

B) Atkvæðafjöldi á þinginu, dreifing atkvæða og aldursskipting

Eftirfarandi félög taka ekki þátt í Skátapiingi þetta árið :

- Skátafélag Akraness— A aðild
- Skátafélag Borgarness — A aðild
- Skátafélagið Eilífsbúar — A aðild

- Skátafélagið Einherjar/Valkyrjan – A aðild
- Skátafélagið Farfuglar – A aðild
- Skátafélagið Faxi – A aðild
- Skátafélagið Hafernir – A aðild
- Skátafélagið Segull – A aðild
- Skátafélagið Vogabúar – A aðild
- Skátafélagið Örninn – A aðild

Fimmtán skátafélög með aðild A og tvö skátafélög með aðild B skiluðu gögnum á réttum tíma.

Radíóskátar skiluðu ekki inn kjörbréfi á tilsettum tíma og fá því ekki úthlutað atkvæði á þinginu.

Til gamans má geta að í ár skiluðu öll félög sem eiga fulltrúa á þinginu inn öllum gögnum á réttum tíma.

Með A aðild:

- Skátafélagið Árbúar
- Skátafélagið Fossbúar
- Skátafélagið Garðbúar
- Skátafélagið Heiðabúar
- Skátafélagið Hraunbúar
- Skátafélagið Klakkur
- Skátafélagið Kópar
- Skátafélagið Landnemar
- Skátafélagið Mosverjar
- Skátafélagið Skjöldungar
- Skátafélagið Stígandi
- Skátafélagið Strókur
- Skátafélagið Svanir
- Skátafélagið Vífill
- Skátafélagið Ægisbúar

Með B aðild:

- Skátafélagið Sólheimar
- Skátafélagið Radíóskátar

Því er mögulegur hámarksfjöldi kjörbréfa í salnum 61 af 62 mögulegum. Kjörnefnd hefur ákveðið að úthluta 58 kjörbréfum, þau skiptast svo:

- Skátafélagið Árbúar - 4
- Skátafélagið Fossbúar - 4
- Skátafélagið Garðbúar – 4
- Skátafélagið Heiðabúar - 4
- Skátafélagið Hraunbúar -4

- Skátafélagið Klakkur - 4
- Skátafélagið Kópar - 4
- Skátafélagið Landnemar - 4
- Skátafélagið Mosverjar – 4
- Skátafélagið Skjöldungar – 4
- Skátafélagið Stígandi - 2
- Skátafélagið Sólheimar - 1
- Skátafélagið Strókur – 3
- Skátafélagið Svanir – 4
- Skátafélagið Vífill – 4
- Skátafélagið Ægisbúar – 4

29 fulltrúar með atkvæðisrétt eru á aldrinum 13-25 og því 50% atkvæða í höndum ungmenna.

10. Dagskrá Skátaþings

Fundarstjóri leggur fram tillögu að dagskrá þingsins sem er rædd og afgreidd.

Samþykkt með lófaklappi

Kosningakerfi skátaþings var prófað með því að kjósa um hvort sé betra að hafa rigningu eða flugu á landsmóti.

Niðurstaðan var að rigning sé betri.

11. Kosningar í embætti

Reynir Tómas Reynisson, formaður uppstillingarnefndar kynnti framboðslistann. Í stjórn er ein laus staða í gjaldkera BÍS, tvö eru í framboði og halda framboðsræður.

- Eva María Sigurbjörnsdóttir - Skátafélaginu Árbúum
- Sævar Skaptason - Skátafélaginu Kópum

Tvö eru í framboði sem meðstjórnendur í stjórn BÍS og eru tvö laus sæti í stjórn BÍS. Þau halda framboðsæður.

- Guðrún Stefánsdóttir - Skátafélaginu Hraunbúum
- Þórhallur Helgason - Skátafélaginu Segli

Eftirfarandi hlutu kosningu í embætti:

Einar Tryggvi Petersen, Skátafélaginu Árbúum, var kosinn af ungmennanþingi sem áheyrnarfulltrúi ungmenna í stjórn BÍS.

Niðurstaða kosninga í gjaldkerastöðu BÍS:

Eva María Sigurbjörnsdóttir – Skátafélagið Árbúar: 22% atkvæða

Sævar Skaptason – Skátafélagið Kópar: 78% atkvæða

Sævar Skaptason er kjörinn gjaldkeri BÍS með meirihluta atkvæða.

Niðurstaða kosninga meðstjórnenda í stjórn BÍS:

Guðrún Stefánsdóttir – Skátafélagið Hraunbúar: 93% atkvæða

Þórhallur Helgason – Skátafélagið Segull: 89% atkvæða

Guðrún og Þórhallur kosin sem meðstjórnendur BÍS.

Skátaþingi frestað til kl. níu á laugardag.

12. Skýrsla stjórnar BÍS

Harpa Ósk Valgeirsdóttir, skátahöfðingi hóf dagskrá laugardagsins á því að fara yfir skýrslu stjórnar.

Skýrslan er aðgengileg með fundargögnum.

Umræður:

Andrés Ingi Jónsson, aðstoðarfélagsforingi Skjöldunga, þakkaði BÍS fyrir vel unnin störf og skorar á BÍS að styðja við drekaskátaforingja félaganna sérstaklega vegna mikils vaxtar í drekaskátastarfi. Meðal annars með fræðslu og stuðningi.

Sigurður Viktor Úlfarsson, skátafélaginu Landnemum, vildi minnst á þá miklu vinnu sem fór í að fara yfir safnkost og gera endurbætur á húsnæði skátasafnsins.

13. Starfsáætlun stjórnar BÍS

Unnur Líf Kvaran, meðstjórnandi kynnti starfsáætlun BÍS. Hún sýndi yfirlit yfir viðburði á vegum BÍS á næstu árum. Starfsáætlunin er aðgengileg með fundargögnum.

Umræður:

Daníel Þróstur Pálsson, skátafélaginu Árbúum, spurði hvort stæði til að halda stór alþjóðamót hér á landi svipað og Roverway og Moot.

Unnur Líf Kvaran svaraði að nú eigi að leggja áherslu á innviðina með Hringferðinni og norrænt samstarf.

Starfsáætlun 2025 - 2029 - Kosning:

Atkvæði greidd 49 af 58

Já: 47 (96%) Nei: 1 (2%) Tek ekki afstöðu: 1 (2%)

Starfsáætlun samþykkt með meirihluta atkvæða.

14. Ársreikningar BÍS

Halldóra Inga Ingileifsdóttir, fjármálastýra BÍS kynnti ársreikningana BÍS. Ársreikningurinn er í fundargögnum.

Umræður:

Jóhann Gunnar, skátafélaginu Klakki spyr hvort eðlilegt sé að Landsmót skili hagnaði. Halldóra Inga fjármálastýra svarar að mótið hafi farið fram úr væntingum, nokkrum vikum fyrir mót var ekki víst hvort mótið myndi standa undir sér en að stórir fastir kostnaðarliðir eins og flutningskostnaður og dagskrá kostnaður urðu minni en áætlað var því mest megnið af búnaðinum var til á staðnum. Harpa skátahöfðingi svaraði því að fjöldi þátttakanda hafi farið fram úr væntingum og að kostnaðaráætlun hafi staðist ríflega. Hagnaður mótsins fer í að styrkja skátastarfið á landinu. Ólíklegt telst að næsta Landsmót muni skila neinum hagnaði.

Daníel Þróstur, skátafélaginu Árbúum, þakkaði fyrir góða vinnu fjármálastjóra.

Brynjar, skátafélaginu Fossbúum spyr um 28 kr. í aksturskostnað, Halldóra Inga fjármálastýra útskýrir að þetta sé afgangurinn af afskráningu af bíl.

Ársreikningar BÍS - Kosning:

Atkvæði greidd 54 af 58

Já: 49 (91%) Nei: 4 (7%) Tek ekki afstöðu: 1 (2%)

Ársreikningarnir eru því samþykktir með 91% atkvæða.

15. Tillaga að árgjaldi til BÍS 2022-2023

Sævar Skaptason, gjaldkeri BÍS kynnti tillögu stjórnar að árgjaldi BÍS. Árgjaldið var 700 krónur árið 2024, tillaga er að halda félagsgjaldinu eins í 700 kr.

Umræður:

Eva María, skátafélaginu Árbúum bendir á að skátafélögin hafa verið rukkuð vitlaust árin 2023 og 2024. Þau voru rukkuð sérstaklega fyrir gjöldin til WOSM og WAGGS. Halldóra fjármálastýra BÍS svaraði að þetta voru mannleg mistök innanhúss. Öll félögin munu fá endurgreitt eftir skátaþing.

Árgjald BÍS - Kosning:

Atkvæði greidd 45 af 58

Já: 43 (96%) Nei: 0 (0%) Tek ekki afstöðu: 2 (4%)

Árgjald er því samþykkt með 96% atkvæða.

16. Fjárhagsáætlun BÍS 2024-2025

Halldóra Inga Ingileifsdóttir, fjármálastýra BÍS kynnir fjárhagsáætlun BÍS. Fjárhagsáætlunin er í fundargögnum.

Umræður:

María, skátafélaginu Klakki spyr um af hverju er gert ráð fyrir auknum kostnaði við skrifstofu. Halldóra svaraði að það sé kostnaður við markaðsherferðina. María spyr einnig út í launakostnaðinn hvort hann standist ef það er fjölgun á starfsfólki milli ára. Halldóra svarar að það sé ekki fjölgun á starfsfólki heldur haldast stöðugildin eins, því það er starfsmaður sem hættir á móti. María spyr að lokum af hverju það er áætlað tap á rekstri BÍS. Halldóra svarar að það sé áætlaður kostnaður við markaðsherferðina sem fer úr varasjóði BÍS.

Bjarki, skátafélaginu Klakki spyr út í auglýsingu um erindrekastöðurnar í hverjum landsfjórðungi sem var kynnt í gær. Hvaðan koma þær starfsstöður og mun fækka stöðugildum á skrifstofunni í staðinn. Halldóra fjármálastýra svarar að búið sé að setja þessar stöður í fjárhagsáætlunina, það muni ekki fækka stöður á skrifstofunni á móti. Harpa skátahöfðingi svaraði því líka að til standi að fá sveitarfélögin til að styrkja verkefnið. Verkefnið er líka til fimm ára svo ekki er gert ráð fyrir þessum kostnaði strax á næsta ári.

Anna Kristjana, skátafélaginu Klakki biður um nánari útskýringar á erindrekum í hverjum landsfjórðungi en telur svar Hörpu nægja.

Bjarki, skátafélaginu Klakki spyr út í aðrar tekjur í fjárhagsáætluninni, hvort tekjur upp á 15 milljónir séu áætlaður hagnaður af landsmóti. Halldóra fjármálastýra svarar neitandi, þetta er þóknun BÍS af mótinu. Bjarki spyr hvort hann ætti að færast undir þátttaka dótturfélaga eða laun starfsmanna. Halldóra svarar að þau hafi gert þetta svona til að auka gagnsæi með það hvernig tekjurnar eru að myndast í félaginu.

Fjárhagsáætlun BÍS - Kosning:

Atkvæði greidd 53 af 58

Já: 47 (88,68%) Nei: 3 (5,66%) Tek ekki afstöðu: 3 (5,66%)

Fjárhagsáætlun er því samþykkt með 88,68% atkvæða.

17. Lagabreytingatillögur

Ályktunartillaga um laun skátahöfðingja

Huldar Hlynsson og Inga Auðbjörg K. Straumland eru flutningsmenn. Ályktunin er aðgengileg í fundargögnum.

Umræður:

María, skátafélaginu Klakki spyr hvort að þessi ályktun ýtir undir ójafnvægi innan stjórnar ef einn

stjórnarmeðlimur fái laun umfram aðra og að auki spyr hún hvort að þetta álag lýsir meiri miðstýringu en samkvæmt lögum BÍS á stjórnin að vera ráðgjafandi við framkvæmdastjóra. Hvort þetta sé betur leyst með því að dreifa betur álagi með starfsfólki BÍS.

Eva María, skátafélaginu Árbúum bendir á að Landsbjörg prófaði þetta í eitt ár en dróg það síðan til baka og Landvernd er á öðrum forsendum. Ekki kom nægilega skýrt fram í ályktuninni hvort þessi greiðsla væri með eða án launatengdra gjalda.

Sunna Dís, skátafélaginu Skjöldungum bendir á að skátahöfðinginn sé andlit skátahreyfingarinnar og mesta álagið sé á honum. Einnig bendir hún á að með þessari ályktun þá erum við að gera skátahöfðingjastöðuna aðgengilegri öllum, sama í hvaða fjárhagslegri stöðu frambjóðendurnir eru í.

Þórhildur, í skátafélaginu Kópum segir að það sé gríðarleg vinna að starfa sem skátahöfðingi og við sjáum bara brotabrot af þeirri vinnu. Önnur félagasamtök hafa verið að taka upp það að launa sínum formönnum eftir ígrundun um þá vinnu sem þeir leggja á sig. Svo er þetta félagslegt jöfnunartól sem gera fleirum kleift á að sinna skátahöfðingjastöðunni óháð fjárhagslegum bakgrunni.

Bjarki, skátafélaginu Klakki er sammála því að við séum í grunninn sjálfbóðaliðasamtök og að það sé galið að þessi umræða sé að koma núna í ljósi þeirra umræðu síðasta árs.

Anna Kristjana, skátafélaginu Klakki segir að skátahöfðingi eigi að gera sér grein fyrir umfangi starfsins þegar þau bjóða sig fram. Þau fordæmi sem gefin eru í greinargerðinni séu ekki sambærileg þar sem þau félagasamtök séu ekki að uppistöðunni sjálfbóðaliðar og bjóða ekki upp á æskulýðsstarf.

Svava, skátafélaginu Árbúum spyr hvort að með þessari ályktun værum við að auka stöðugildum innan bandalagsins og hvort að þá værum við að opna á það að félagsforingjar gætu verið á launaskrár félaganna

Kjartan, skátafélaginu Skjöldungum bendir á að með þessari ályktun værum við að hugsa til þeirra framtíðar skátahöfðingja.

Tómas, skátafélaginu Fossbúum minnir á að yfirleitt eru skátahöfðingjar í vinnu annars staðar utan skátastarfsins og þessi greiðsla góð til bæta upp þá vinnu og álag sem myndast.

María, skátafélaginu Klakki tók að lokum til máls og vildi brýna á mikilvægi þess að það séu skýr mörk á milli stjórnar bandalagsins og starfsmanna bandalagsins. Skátahöfðingi sem er kominn á launaskrá eykur hættuna á því að þau séu komin á gólf hjá starfsfólki heldur en eðlilegt þykir. Stjórn BÍS á að virka sem leiðbeinandi fyrir starfsfólk BÍS ekki framkvæmdaaðili. María hvatti til að þetta mál yrði útfært betur og rætt meira innan hreyfingarinnar áður en það yrði tekin ákvörðun um þetta.

Ályktunartillaga um laun skátahöfðingja - Kosning:

Atkvæði greidd 52 af 58

Já: 20 (38,46%), Nei: 24 (46,15%), Tek ekki afstöðu: 8 (15,38%)

Ályktunartillagan er því ekki samþykkt.

Lagabreytingartillaga 7. grein - Skátafélög

Flutningsaðili: Stjórn BÍS

Þórhallur Helgason flutti tillöguna fyrir hönd stjórnar. Tillagan snýst um að skerpa á því hvenær félög og núverandi meðlimir þeirra teljast fullgildir meðlimir BÍS. Hægt er að [skoða tillöguna hér](#).

Umræður:

Bjarki, skátafélaginu Klakki var með athugasemd um að stjórn BÍS sé með þessu einvalda um samþykki eða inntaka nýrra félaga. Hann telur að það sé eðlilegri framkvæmd að ný félög séu boðuð á Skátaping sem gestir, í því felast ákveðnir varnaglar eins og að stjórn BÍS geti ekki blásið til fullt af atkvæðum til að koma málum í gegnum þingið í óþökk starfandi félaga.

Sigurður Viktor, skátafélaginu Landnemum segir málið snúast að félög sem eru að hefja störf eru alltaf samþykkt endanlega á Skátapingi svo það er ólíklegt að stjórn BÍS nái að koma 15 nýjum félögum í gegn fyrir atkvæði. Hann bendir á hvort það sé ekki gott að samþykkja skátafélögin sem hafa verið með starfandi skátastarf í nokkra mánuði sem fyrst.

Daníel, skátafélaginu Árbúum styður þessa breytingu því ef við ætlum að staðfesta ný skátafélög á Skátapingi, af hverju erum við að bíða í heilt ár áður en þau fá atkvæðisrétt. Lokapunkturinn er að við erum að reyna að fjölga skátafélögum, fjölga skátum til að dreifa boðskap skátanna áfram, sem er friður, lýðræði og samvinna.

Anna Kristjana, skátafélaginu Klakki minntist á að allar stjórnir geta verið spilltar hvort sem þær eru skátar eða ekki. Hún tók undir með Sigga að stjórn BÍS geti samþykkt ný skátafélög en þau fá ekki atkvæðisrétt fyrr en Skátaping hafi samþykkt þau.

Bjarki, skátafélaginu Klakki svarar þeim punktum að það yrði ekkert einsdæmi eða neitt nýtt að stjórn félags komist í skjön við grasrótina. Atkvæðisréttur er ákvarðaður í upphafi Skátapings þegar kjörbréfum er afhent. Til þess að staðfesta inntöku þarf að vera búið að ákveða þau og þess vegna atkvæðisréttur ekki veittur fyrr en ári seinna. Til þess að breyta þessu gæti verið hægt að setja inn sér ákvæði í lögum um auka útgáfu kjörbréfa. Vegna hringferðarinnar gæti verið réttara að setja sér atkvæði um ný stofnum félög sem stjórn gæti stutt sig við.

Jóhann, Skátafélaginu Vífli spyr hvort það sé betra að umorða lögum svo það sé auðveldara fyrir ný skátafélög að hefja störf í stað þess að bíða eftir staðfestingu frá Skátapingi.

Þórhallur, stjórn BÍS segir í lokin til að fyrirbyggja misskilning að Skátaping þarf alltaf að staðfesta inngöngu nýrra skátafélaga áður en þau öðlast atkvæðisrétt. Ástæðan fyrir því að tekið sé fram að félögin öðlist aðild að BÍS fram að Skátapingi sé til þess að tryggja að ný skátafélög fái þjónustu hjá skrifstofu BÍS.

Anna Kristjana, skátafélaginu Klakki segir að ástæðan bakvið tillöguna breytir því ekki hvernig aðrir geta túlkað hana eða misnotað hana, spyr hvort það sé hægt að skýra það betur í tillögunni áður en hún er samþykkt.

Lagabreytingartillaga 7. grein - Kosning:

Atkvæði greidd: 52 af 58

Já: 41 (78,85%), Nei: 4 (7,6%), Tek ekki afstöðu: 7 (13,46)

Tillagan var samþykkt með 79% greiddra atkvæða.

Lagabreytingartillaga 10.- og 14. grein - Gagnaskil skátafélaga og Aðkoma fullorðinna að skátastarfi

Flutningsaðili: Stjórn BÍS

Þórhallur Helgason kynnti tillöguna fyrir hönd stjórnar BÍS. Tillagan gengur út á að samræma og greiða úr misfellum sem stangast á í greinum sem fjalla um aðkomu fullorðinna í skátastarfi og mismunandi aðildir BÍS. Hægt sé að [skoða tillöguna hér](#).

Umræður:

Bjarki, skátafélaginu Klakki veltir fyrir sér varðandi C og D aðild í tengslum við sakaskrárheimildina, að við lendum í vandræðum með að sækja sakaskrárheimildir þeirra skáta sem eru í D aðild.

Lagabreytingartillaga 10. - og 14. grein - Kosning:

Atkvæði greidd: 52 af 58

Já: 41 (78,85%), Nei: 5 (9,62%), Tek ekki afstöðu: 6 (11,54%)

Tillagan var samþykkt með 79% greiddra atkvæða.

Lagabreytingartillaga 10.- og 14. grein - Gagnaskil skátafélaga og Aðkoma fullorðinna að skátastarfi

Flutningsaðili: Ungmennaráð

Þorkell Grímur Jónsson, formaður ungmennaráðs, flutti tillöguna fyrir hönd Ungmennafélags. Tillagan snýst um mikilvægi að skilgreina tímaramma fyrir skil á sakaskrárheimildum til að forðast mál þar sem aðili kemst undan því. Hægt er [að skoða tillöguna hér](#).

Breytingartillaga á lagabreytingatillögu:

Flutningsaðili: Þorkell Grímur, formaður ungmennaráðs

Enda hluti af réttinum ofangreindra þátttaka í viðburðum eins og skátamótum og Skátapingi þar sem gera má ráð fyrir þátttöku ungmenna undir 18 ára aldri. ~~Undirrituð heimild til upplýsinga hjá sakaskrá ríkisins skal berast til BÍS fyrir þátttöku einstaklings í skáta- eða sjálfboðaliðastarfi þar~~

~~sem einstaklingar undir 18 ára aldri eru til staðar.~~ Undir skrifuð heimild til upplýsingaöflunar hjá sakaskrá skal berast BÍS og hljóta staðfestingu fyrir þátttöku einstaklings í skátastarfi þar sem einstaklingar undir 18 ára aldurs eru til staðar. Stjórn BÍS er heimilt að víkja einstaklingum eða hópum úr skátaheyfingunni og hafna styrktaraðilum.

Umræður:

Jóhann, skátafélaginu Vífli bendir á að án þessa breytingar er lítið tekið fram í lögunum um hvenær einstaklingar eiga að skila inn sakaskrárheimildunum.

Bjarki, skátafélaginu Klakki segir að þessi breyting sé mjög hamlandi fyrir lítil skátafélög, býr til auka pappírsvinnu og að fá svar taki langan tíma.

Sigurður Viktor, skátafélaginu Landnemun spyr hvort hægt sé að útskýra hvernig ferlið um sakaskrárheimildina virkar og hversu langan tíma ferlið tekur.

Sædís Ósk, erindreki BÍS útskýrir að lengsti tíminn í ferlinu er að kalla á eftir heimildunum frá skátafélögunum sjálfum. Sjálfboðaliðar skátafélaganna þurfa eingöngu að skrifa undir eina sakaskrárheimild sem skátafélögin eiga að geyma hjá sér og senda á BÍS á hverju hausti. Svar frá ríkissaksóknara kemur yfirleitt innan viku. Fyrir viðburði og námskeið fer BÍS yfir listann af sjálfboðaliðum og biður þau sem hafa ekki skilað inn beiðni að gera það áður en viðburðurinn byrjar. Skrifstofan ætlar að prófa að geyma afrit af heimildunum hjá sér og senda á félögin til staðfestingar í haust til að létta undir vinnunni þeirra.

Andrés, skátafélaginu Skjöldungum spyr um framkvæmdaleikan á tillögunni því í grunninn erum við öll sammála um að athuga sakaskrárheimild hjá öllum sem koma að skátastarfinu.

Anna Kristjana, skátafélaginu Klakki vildi vekja athygli á hversu hættuleg þessi lagabreyting er fyrir lítil og ný skátafélög á landsbyggðinni, að það séu ekki allir sem taka vel í að skrifa undir svona skjal. Þessi lagabreyting gæti hamlað félögum út á landi sérstaklega því þá gætu ekki allir stokkið inn og aðstoðað.

Urður, skátafélaginu Vífli spyr um rafrænar undirskriftir, hver staðan er á því.

Sædís Ósk, erindreki BÍS svarar að hægt sé að skila inn rafrænum undirskrifum en það sé í gegnum kerfi eða síður sem einstaklingarnir sjálfir eða skátafélagið sjálf þurfi að skrá sig hjá. Draumurinn er að þegar einstaklingar skrái sig hjá skátafélögunum að þau haki við box sem leyfir uppflettingu á sakaskránni þeirra en það sé í höndum ríkisins, en við ættum að þrýsta á þau að gera þetta aðgengilegra.

Laura, skátafélaginu Skjöldunum spyr hvort um sé að ræða eingöngu þá sjálfboðaliða sem ganga til liðs við hreyfinguna í framtíðinni eða einnig um þau sem eru virk í dag. Svarið er að þetta á við um öll.

Margrét, skátafélaginu Skjöldungum vill benda á að einstaklingar geti sótt um einkavottorð á sakaskrárvottorð. Þar er vottorðið tilboðið í lok ferlisins sem gæti verið lausn.

Bjarki, skátafélaginu Klakki segir það skjóta skökku við að biðja foreldra að borga fyrir sakaskrárvottorð til að taka þátt í sjálfbóðaliðastarfi með börnunum sínum. Hann vill beina því til stjórnar að fara yfir þetta mál og fara með inn til æskulýðsvettvangsins að það sé lýjandi fyrir æskulýðsfélag að fá sakaskrárheimildir frá foreldrum. Hann spyr hvort þetta sé eitthvað sem vantar inn í 14. grein og hvetur til þess að greinin sé endurskoðuð í heild sinni miðað við aðkomu fullorðinna í skátastarfi.

Harpa, skátahöfðingi fagnar því að ungmennin okkar vilja tryggja öryggi í skátastarfi og að við séum að fylgja æskulýðslögum með því að hafa þetta í okkar reglugerðum. Hún getur fullyrt að við séum að standa okkur best af öllum æskulýðsfélögum við að safna þessum heimildum. Hún veit hvað þetta er mikilvægt eftir að hafa heyrt af fólki sem býður sig fram í sjálfbóðaliðastörf en myndi ekki standast þessa skoðun. Þau sem neita að skrifa undir svona heimild eiga ekki heima í okkar starfi.

Jóhann, skátafélaginu Vífli bendir á í 10. grein stendur að allir skátar 18 ára og eldi eigi að skila inn þessari heimild, ekki bara sjálfbóðaliðar, því er ekki framfylgt.

Kosning um breytingartillögu á lagabreytingartillögu:

Atkvæði greidd: 56 af 58

Já: 9 (16,07%), Nei: 35 (62,50%), Tek ekki afstöðu: 12 (21,43%)

Breytingatillagan er ekki samþykkt

Lagabreytingatillaga 10.-og 14. grein – kosning

Atkvæði greidd: 53 af 58

Já: 40 (75,47%), Nei: 4 (7,55%), Tek ekki afstöðu: 9 (16,98%)

Tillagan var samþykkt óbreytt með 75% greiddra atkvæða.

Lagabreytingartillaga 13. Grein – Ábyrgðaraðilar í skátastarfi

Flutningsaðili: Ungmennaráð

Þorkell Grímur Jónsson, formaður ungmennaráðs. Tillagan gengur út á að aðlaga orðalag. Hægt er að [skoða tillöguna hér](#).

Breytingartillaga á lagabreytingartillögu:

Flutningsaðili: Þorkell Grímur, formaður ungmennaráðs

Sveitarforingi-skátasveitar Ábyrgðaraðili skátasveitar sem eru skilgreindir sem t.d. sveitarforingi eða deildarforingi er lögráða einstaklingur sem hefur verið skipaður til ábyrgðastarfa af hálfu félagsfóringja eða skátahöfðingja, samanber reglugerð um hæfi skátaforingja, flokksfóringja eða aðstoðarforingja, þurfa ekki að vera lögráða og skulu þeir þá ekki sinna ábyrgðar hlutverki. Hver skátaforingi ber ábyrgð gagnvart stjórn síns félags á því að skátastarf á hans vegum sé virkt og í samræmi við landslög, Grunnildir BÍS og lög BÍS. Félagsforingi ber ábyrgð á öllu starfi skátafélags gagnvart stjórn BÍS. Störf sjálfbóðaliða í skátastarfi skulu skilgreind formlega og til ákveðins tíma

Umræður:

Bjarki, skátafélaginu Klakki segir að í upprunalegu orðalagi sé átt við allar ábyrgðarstöður sem getur líka átt við um þau sem taka að sér mótstjórnir og að nýja orðalagið þrengir hugtakið.

Atli, Radíóskátum segir það ákveðinn þroski að taka að sér ábyrgðarhlutverk og að þau sem eru undir lögaldri beri ábyrgð varðandi sveitarforingjanum.

Sigurður Viktor, skátafélaginu Landnemunum segist sammála Bjarka að upprunalega málsgreinin sé opnari gagnvart hvaða hlutverk hún nær yfir. En hún tekur vissulega ekki á því hvort ábyrgðareinstaklingarnir séu yfir eða undir 18 ára.

Porkell, formaður ungmennaráðs vill benda á að villu við skrif breytingarinnar, en bætt er við að ef aðstoðarforingjar eru undir lögaldri þá skulu þau ekki gegna ábyrgðarhlutverki.

Gunnlaugur, skátafélaginu Mosverjum segir að tillagan skýra það betur hverjir eru með ábyrgðarhlutverkin í sveitinni og að börn eigi ekki að bera ábyrgð á börnum.

Kosning um breytingartillögu á lagabreytingartillögu:

Atkvæði greidd: 51 af 58

Já: 22 (43,14%), Nei: 18 (35,29%), Tek ekki afstöðu: 11 (21,57%)

Breytingatillagan er ekki samþykkt

Lagabreytingatillaga 13. grein – kosning

Atkvæði greidd: 49 af 58

Já: 30 (61,22%), Nei: 14 (28,57%), Tek ekki afstöðu: 5 (10,20%)

Tillagan fékk ekki tvo þriðju greiddra atkvæði og var því felld.

Lagabreytingartillaga 16. grein – Ungmennanæing

Flutningsaðili: Ungmennaráð

Porkell Grímur Jónsson, formaður ungmennaráðs. Tillagan fjallar um að bæta við ákvæði um hvenær nýkjörið ungmennaráð tekur til starfa og hvenær áheyrnarfulltrúi ungmenna tekur til starfa. Hægt er að [skoða tillöguna hér](#).

Umræður:

Grímur, skátafélaginu Fossbúum bendir á að þegar hann gekk í ungmennaráð gerðu þau ársskýrslu fyrir ár sem þau störfuðu ekki og gengu frá Ungmennanæingi sem þau skipulögðu ekki.

Lagabreytingatillaga 16. grein – kosning

Atkvæði greidd: 47 af 58

Já: 43 (91,49%), Nei: 2 (4,26%), Tek ekki afstöðu: 2 (4,26%)

Tillagan var samþykkt með 91% greiddra atkvæða.

Lagabreytingartillaga 17.- og 23. grein – Skátaþing og kosning stjórnar BÍS

Flutningsaðili: Stjórn BÍS

Þórhallur Helgason kynnir lagabreytingartillöguna fyrir hönd stjórnar BÍS. Tillagan fjallar um leiðréttingu á texta. Hægt sé að [skoða tillöguna hér](#).

Umræður:

Enginn bað um orðið.

Lagabreytingartillaga 17.- og 23. grein – kosning

Atkvæði greidd: 55 af 58

Já: 51 (92,73%), Nei: 0 (0,00%), Tek ekki afstöðu: 4 (7,27%)

Tillagan var samþykkt með 93% greiddra atkvæða.

Dagskrárbreytingartillaga fundarstjóra að fara í hádegishlé frá 12:35 til 13:05

Samþykkt með lófaklappi

Lagabreytingartillaga 20. grein – Réttur til setu á Skátaþingi

Flutningsaðili: Stjórn BÍS

Þórhallur Helgason flytur tillöguna fyrir hönd stjórnar. Tillagan gengur út á að auka læsileika hennar og taka allan vafa um merkingu. Hægt sé að [skoða tillöguna hér](#).

Umræður:

Enginn bað um orðið

Lagabreytingartillaga 20. grein – kosning

Atkvæði greidd: 49 af 58

Já: 48 (97,96%), Nei: 0 (0,00%), Tek ekki afstöðu: 1 (2,04%)

Tillagan var samþykkt með 98% greiddra atkvæða.

Lagabreytingartillaga 26.- og 16. grein – Fastaráð BÍS og Ungmennadag

Flutningsaðili: Ungmennaráð

Þorkell Grímur Jónsson, formaður ungmennaráðs, flytur tillöguna fyrir ungmennaráðs. Tillagan gengur út á að hækka aldur í ungmennaráði. Hægt sé að [skoða tillöguna hér](#).

Breytingartillaga á lagabreytingartillögu:

Flutningsaðili: Þorkell Grímur, formaður ungmennaráðs

Í hverju fastaráði BÍS skal vera að lágmarki einn fulltrúi yngri en 26 ára. Skátar sem bjóða sig fram í ungmennaráð skulu vera á aldrinum 14-25 ára á því ári sem þeir bjóða sig fram. Ásamt tveim einstaklingum á 16.-25. ári. 14 – 25 ára á því ári sem þeir bjóða sig fram, af þeim skulu að lágmarki tveir einstaklingar vera á 16. – 25. ári.

Umræður:

Daníel Þröstur, skátafélaginu Árbúum segir það ganga gegn tilgangi ungmennaráðs að hækka aldurinn ráðinu. Aldurstakmarkið eigi að vera opið en það er Ungmennafélagsráðið að kjósa í ráðið.

Þorkell, formaður ungmennaráðs ítrekar að átt sé við að skátar þurfi að vera á 14. ári og þá sé verið að miða við börn í 8. bekk.

Svava Dröfn, skátafélaginu Árbúum segir það ósanngjarnt gagnvart yngri árunum í fálkunum því nú er bara leyfilegt fyrir elsta árið í fálkunum. Hún styður að færa mörkin upp fyrir dróttskátaaldurinn.

Sigurður Viktor, skátafélaginu Landnemum spyr hvort ætti frekar að nota orðin dróttskáti og rekkaskáti.

Þorkell, ungmennaráði svarar fyrirspurn Sigga, segist þau orða lagabreytinguna svona vegna þess að oft eru skátum hleypt inn í dróttskáta eða rekkaskáta fyrr og þau vilja vera með orðalagið sem skýrast til að forðast allan misskilning.

Daníel Þröstur, skátafélaginu Árbúum vill koma með breytingartillögu þannig að lágmarkið sé á 13. ári

Sunna Dís, skátafélaginu Skjöldungum bendir á að þessi hugmynd um hvort eigi að hafa orðin dróttskátar í stað aldurs hafi komið áður en vegna þess að oft er verið að færa til aldursbilaaldurinn þá vilja þau forðast misskilning með hvenær skátarnir mega bjóða sig fram. En með 13. ára aldurstakmarki geta elstu fálkarnir boðið sig fram sem þau eru að reyna að forðast.

Ísak Árni, skátafélaginu Mosverjum, bendir á það hafa verið fastaráð sem eiga erfitt að fá einn einstakling á aldrinum 16-25 ára og hvort setningin „skulu að lágmarki tveir einstaklingar vera á 16. -25. ári“ ætti að vera í lögnum. Hann bendir á að kannski væri betra að breyta orðalaginu í *æskilegt*.

Jón Grétar, skátafélaginu Landnemum bendir á að flest félög hafa hleypt skátum fyrr upp í dróttskáta og vill ekki útiloka þau frá því að geta boðið sig fram.

Anna Kristjana, skátafélaginu Klakki bendir á að ef við treystum skátunum nógu mikið til að fara ári fyrr upp í dróttskáta ættum við þá ekki að treysta þeim til að fara ári fyrr inn í ungmennaráð og hvort það væri ekki auðskiljanlegra að hafa aldursbilin því þau þekkjum við öll betur.

Andrés, skátafélaginu Skjöldungum segir að þrepaskiptingin í tillögunni mjög jákvæð, að ungmennaráð sé skipað bæði yngri hópnum og eldri hópnum til að fá breiddina sem að þarf til að styrkja starfið. Hann spyr einnig hvort halda ætti neðri mörkunum til að halda samræmi við önnur lög BÍS. Með því sögðu þá bendir hann einnig á að hann sem fullorðinn einstaklingur ætti ekki að hafa of sterka skoðun eða setja sig upp á móti því sem ungmennaráð leggur til við eigin starfsemi.

Breytingartillaga á breytingatillögu ungmennaáðs á lagabreytingatillöguna.

Flutningsaðili Aníta Ósk Sæmundsson, Skátafélagið Heiðabúar.

Í hverju fastaráði BÍS skal vera að lágmarki einn fulltrúi yngri en 26 ára. Skátar sem bjóða sig fram í ungmennaráð **skulu vera dróttskátar (13 – 15 ára), rekkaskátar (16 – 18 ára) eða róverskátar (19 – 25 ára).** Af þeim skulu að lágmarki tveir einstaklingar vera **rekkaskátar (16 – 18 ára) eða róverskátar (19 - 25. ári).**

Umræður:

Daníel Þröstur, skátafélaginu Árbúum segir að breytingartillaga Anítu leysa vandann um aldursmörkin, og minnir á að á endanum eru það ungmennin sem kjósa í ungmennaráð og við ættum að treysta þeim.

Birta Ísafold, skátafélaginu Mosverjum, Anna Kristjana, skátafélaginu Klakki koma með athugasemdir við orðalag og stafsetningu sem Aníta tekur mark á og breytir breytingartillögunni miðað við ábendingar.

Anton, skátafélaginu Klakki spyr af hverju eru neðri mörk í ungmennaráði.

Þorkell, ungmennaráði svarar því að ungmennaráð BÍS hefur þá skyldu að halda t.d. Ungmennaping og því sé gott að hafa meðlimi sem geta gert það. Hann segir ráðið ekki vera líkt og nemendaráð í skólum þar sem börnin koma einungis með og kjósa hugmyndir heldur þarf ungmennaráð að framkvæma þær og því gott að hafa skáta sem geta það.

Anna Kristjana, skátafélaginu Klakki bendir á að ungmennin kjósa fulltrúana og ef fálkaskátarnir eru hæfir til þess að sinna starfinu þá eru þau réttilega kjörnir eins og allir aðrir. Sum börn eru þroskaðri og málefnalegri en önnur og geta boðið sig fram og verið kjörin eins og önnur börn.

Emil Kjartan, ungmennaráði segir að oft sé ekki mikil eftirspurn í ungmennaráð og leiðinlegt þegar aðilar sem eru ekki hæf séu sett inn í ráðið.

Anna Kristjana, skátafélaginu Klakki spyr hvort það sé ekki betra að fá alla inn í ráðið sem hafa áhuga og að fálkaskátar séu ekkert verri heldur en dróttskátar þegar kemur að málefnum ungmenna.

Arnar Freyr, skátafélaginu Mosverjum segir tillögu Anítu mjög góða til að fá skáta sem eru hæf í ráðið að það séu skátarnir sem eru að mæta á viðburði og fundi.

Guðrún, skátafélaginu Heiðabúum vill styðja ungmennaráð varðandi aldursbreytinguna. Mögulega er hægt að koma til móts við yngri skáta með yngra ungmennaráði eða að gera aðstæður þar sem þau læra, verða kunnug og þekkja hvað ungmennaráð gerir. Ástæða er fyrir því að ungmennaráð í skólum er aldursskipt því það er munur á þroska og hvað þau mega gera.

Þorkell, ungmennaráð vill minna á að þau báru þessa tillögu upp fyrir ungmennaping og ungmennin voru sammála tillögunni og kusu hana. Mikil umræða skapaðist í kringum hana og þau komust að þessari niðurstöðu saman. Að lokum minnir hann á að þau eru alltaf til í að vinna með skátum óháð aldri og að yngri skátar geta komið með hugmyndir sem ungmennaráð framkvæmir.

Emil Kjartan, ungmennaráð vill einnig benda á að skátar á 16. ári geta verið elsta stig dróttskáta

Breytingartillaga á breytingatillögu lagabreytingatillögunnar.

Flutningsaðili Anna Kristjana Helgadóttir, Skátafélagið Klakkur.

Í hverju fastaráði BÍS skal vera að lágmarki einn fulltrúi yngri en 26 ára. Skátar sem bjóða sig fram í ungmennaráð skulu vera undir 25 ára, þar af er æskilegt að tveir séu yfir 15 ára.

Umræður:

Anna Kristjana, skátafélaginu Klakki kynnir breytingartillöguna sýna. Hún segir að raddir ungmennanna okkar séu það mikilvægasta sem við höfum og það mikilvægasta sem við þurfum að passa upp á. Við erum æskulýðshreyfing og börnin skipta máli óháð aldri og öll eiga rétt á að sitja í ungmennaráði BÍS.

Sigurður Viktor, skátafélaginu Landnemunum bendir á óskýrleika varðandi aldurinn.

Berglind, alþjóðafulltrúi BÍS til WOSM bendir á að við eigum ekki að vera hrædd við stíganda í skátastarfi og að við getum vel fundið út hvernig við höfum rödd fálkaskáta með án þess að þau starfi í ungmennaráði.

Andrés, skátafélaginu Skjöldungum segir að við ættum að fara varlega í að taka neðri mörkin út algjörlega í óþökk ungmennaráðs, án umræðu. Ef við ætlum að gera það þurfum við meira samtal við ungmennaráð og þeim þarf að líða vel með þá breytingu.

Anton, skátafélaginu Klakki tekur undir með Önnu og segir að skátarnir fylgja barnasáttmálanum þar sem stendur að öll börn eiga rétt á að tjá sig. Því ætti að vera engin neðri mörk í ungmennaráði.

Anna Kristjana, skátafélaginu Klakki svarar Andrési varðandi að taka út neðri mörkin. Segir þetta vera enn þá lýðræðislega kjörnir fulltrúar ungmenna, það þurfa að fara fram kosningar, ræður og kynningar. Ef einstaklingarnir eru ekki hæfir þá eru þeir ekki kjörnir.

Sigrún María, skátafélaginu Garðbúum bendir á að ef við ætlum að tala um raddir ungmenna og hversu mikilvægt það sé að hlusta á þau þá voru það ungmennin sem mættu á ungmennaráð og kusu upprunalegu tillöguna. Tillagan var rædd í tæplega tvo tíma og þetta er rödd ungmennanna.

Þorkell, ungmennaráði tók síðastur til máls og ítrekar að ungmennin mættu á ungmennaping og þau kusu um þetta. Samkvæmt lögum mega öll undir 26 ára mæta og tjá sig. 25 ungmenni komu saman og ákváðu að þau vildu þetta.

Kosið um breytingartillögu Önnu Kristjönu, skátafélaginu Klakki.

Atkvæði greidd: 53 af 58

Já: 5 (9,43%), Nei: 37 (69,81%), Tek ekki afstöðu: 11 (20,75%)

Tillagan var felld

Kosið um breytingartillögu Anítu Ósk, skátafélaginu Heiðabúum.

Atkvæði greidd: 54 af 58

Já: 24 (44,44%), Nei: 23 (42,59%), Tek ekki afstöðu: 7 (12,96%)

Tillagan var felld

Kosið um breytingartillögu Ungmennaráðs.

Atkvæði greidd: 54 af 58

Já: 45 (83,33%) , Nei: 6 (11,11%), Tek ekki afstöðu: 3 (5,56%)

Tillagan var samþykkt með 83% greiddra atkvæða.

Lagabreytingatillaga 26.- og 16. grein með breytingum – kosning

Atkvæði greidd: 47 af 58

Já: 38 (80,85%), Nei: 4 (8,51%), Tek ekki afstöðu: 5 (10,64%)

Tillagan var samþykkt með 81% greiddra atkvæða.

Lagabreytingartillaga 32. grein – Síðast breytt

Flutningsaðili: Stjórn BÍS

Þórhallur Helgason flytur tillöguna fyrir hönd stjórnar. Tillagan gengur út á að samræmast við önnur almannaeðlun. Hægt sé að [skoða tillöguna hér](#).

Dregin til baka af flutningsmanni.

18. Breytingar á reglugerð

Þórhallur, aðstoðarskátahöfðingi benti á að hægt er að kynna sér breytingar á reglugerðum á heimasíðu skátanna. Stjórn er að vinna að breytingum á reglugerðum um utanferðir skáta og ný reglugerð mun koma um skoðunarmenn reikninga BÍS og dótturfélaga sem búin er til af þeim sjálfum.

19. Önnur mál

Ungmennaráð með áskorun til stjórnar BÍS

Þórkell Grímur Jónsson, formaður ungmennaráðs, fluttu áskorun frá ungmennanæði til stjórnar BÍS. Áskorunina má [sjá hér](#).

Andrés Ingi Jónsson, aðstoðarfélagshöfðingi Skjöldunga, skorar á stjórn BÍS að framkvæma þessar áskoranir og setja niðurstöður áskorananna í næstu ársskýrslu BÍS og kynna á næsta skátanæði.

Rauði krossinn

Katrín Kemp Stefánsdóttir, starfsmaður BÍS og Jón Grétar Sigurjónsson, skátafélaginu Landnæmum, kynntu verkefni sem þau unnu með Rauða krossi Íslands þar sem boðið var upp á skátastarf fyrir börn hælisleitenda og flóttabörn. Haldinn var viðburður í anda fálkaskátadagsins. Katrín hvetur fleiri til að

gera svona verkefni og bendir á að hægt er að fá styrki fyrir þessu. Áhugasamir geta leitað til skátamiðstöðvarinnar til að fá frekari upplýsingar og stuðning. Einnig var minnt á að Æskulýðsvettvangurinn býður upp á námskeið sem er opið fyrir skátaforingja þar sem þau fá fræðslu um að vinna með börnum í viðkvæmri stöðu og/eða með fjölbreyttan bakgrunn.

R.S. Snúður

Kynntu að þau voru að búa til spil sem byggir á færnimerkjunum. Þau munu hafa kennslu á spilin í skátamiðstöðinni á næstunni og hvetja einnig skáta til að hafa samband ef þau vilja vita meira.

Smiðjur á skátaþingi

Sædís Ósk Helgadóttir, starfsmaður skátamiðstöðvarinnar, kynnti smiðjur og umræðuhópa og staðsetningu þeirra hér á skátaþingi og hvatti fundargesti til að nýta tækifærið og taka þátt.

20. Aðalfundarstörfum lýkur

Bjarni Freyr Þórðarson, félagsforingi Hraunbúa og Harpa Ósk Valgeirdóttir, skátahöfðingi, ljúka fundinum. Bjarni Freyr þakkar gestum fyrir komuna og segist stoltur yfir því að Hraunbúar hafi fengið þetta verkefni að halda skátaþing með BÍS. Harpa þakkar fundarstjórum og fundarriturum fyrir þeirra störf.

Undirritunarsíða

Fundarstjóri
Arnór Bjarki Svarfdal Arnarson

Fundarstjóri
Agnes Braga Bergsdóttir

Allsherjarnefnd
Daníel Þróstur Pálsson

Allsherjarnefnd
Guðrún Inga Úlfsdóttir

Allsherjarnefnd
Jón Freysteinn Jónsson

Allsherjarnefnd
Margrét Unnur Rögnvaldsdóttir

Allsherjarnefnd
Vilhjálmur Þór Sigurjónsson